

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2017/EES/16/01		Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum	1
2017/EES/16/02		Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum	2
2017/EES/16/03		Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum	3
2017/EES/16/04		Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA Nr. 036/17/COL frá 10. febrúar 2017 um skort á fullnægjandi samræmi við gerðina sem vísað er til í lið 66n í XIII. viðauka við EES-samninginn (<i>Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB</i> , með áorðnum breytingum) og framkvæmdarreglur hennar í tengslum við skirteini sem gríski flugþjálfunarskólinn Hellenic Aviation Training Academy (HATA) gefur út og skirteini flugvéltæknis í samræmi við 66. hluta, svokölluð Part 66 skirteini, sem gefin eru út á grundvelli þess	4
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	ESB-STOFNANIR	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2017/EES/16/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál M.8305 – Rockwell Collins/B/E Aerospace)	7
2017/EES/16/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8370 – Amundi Immobilier/Malakoff Médéric/TAS Kapstadtring 2) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	8
2017/EES/16/07		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8397 – Partners Group/Cerba Healthcare) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	9

2017/EES/16/08	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8400 – Engie Group/Soper/BPCE Group/LCS4 et LCS du Centre) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	10
2017/EES/16/09	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8405 – Lear/Grupo Antolín Assets) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	11
2017/EES/16/10	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8419 – Segro/PSPIB /SELP/Target Assets) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	12
2017/EES/16/11	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8420 – Megatrends European Holdings/Allianz/Kamppi Shopping Centre) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	13
2017/EES/16/12	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8207 – Emerson Electric/Pentair (Valves and controls business))	14
2017/EES/16/13	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8353 – CVC/Corialis)	14
2017/EES/16/14	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8386 – Advent/Bain Capital/Concardis)	15
2017/EES/16/15	Ágrip af ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 6. apríl 2016 um málarekstur skv. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og 53. gr. EES-samningsins (mál AT.39965 – Mushrooms)	16
2017/EES/16/16	Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um endurgreiðsluvexti sem innheimta ber í tengslum við endurheimtu ríkisaðstoðar svo og viðmiðunar- og afreiknivexti fyrir 28 aðildarríki; vextirnir gilda frá 1. apríl 2017	17

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum**2017/EES/16/01**

Eftirlitsstofnun EFTA hreyfir ekki andmælum við eftirgreindri ríkisaðstoðarráðstöfun:

Dagsetning ákvörðunar	24. júní 2015
Málsnúmer	77262
Ákvörðun	249/15/COL
EFTA-ríki	Noregur
Fyrirsögn (og/eða heiti styrkþega)	Matsáætlun fyrir aðstoðarkerfið Skattefunn sem fellur undir hópundanþágu
Lagastoð	Lov av 26. mars 1999 nr. 14 afsnitt 16-40 (skatteloven)
Tegund aðstoðar	Aðstoðarkerfi
Markmið	Rannsóknir, þróun og nýsköpun
Aðstoðarform	Skattaávilnun
Fjárveiting	Áætluð 2 350 milljónir norskra króna árið 2015
Aðstoðarhlutfall	Ýmis konar
Gildistími	Til 31. desember 2020
Atvinnugreinar	Allar
Heiti og póstaritun stjórnvaldsins sem veitir aðstoð:	Finansdepartementet Postboks 8008 Dep. NO-0030 Oslo, Norge
Nánari upplýsingar	Sjá einnig upplýsingablað um reglugerð um hópundanþágu (GBER) 44/2014/R&D&I

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á vef Eftirlitsstofnunar EFTA: <http://www.eftasurv.int/state-aid/state-aid-register/>.

Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum

2017/EES/16/02

Eftirlitsstofnun EFTA hreyfir ekki andmælum við eftirgreindri ríkisaðstoðarráðstöfun:

Dagsetning ákvörðunar	28. nóvember 2016
Málsnúmer	79791
Ákvörðun	210/16/COL
EFTA-ríki	Noregur
Hérað	Sveitarfélagið Ringerike
Fyrirsögn (og/eða heiti styrkþega)	Arba Follum AS
Lagastoð	Aðstoðarkerfi Orkusjóðs sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti með ákvörðun 248/11/COL
Tegund aðstoðar	Stök aðstoð samkvæmt aðstoðarkerfi Orkusjóðs, sem verður tekin til ítarlegs mats
Markmið	Umhverfi og nýsköpun
Aðstoðarform	Styrkur
Fjárveiting	138 000 000 norskra króna
Aðstoðarhlutfall	47%
Gildistími	Aðstoð verður dreift á árin 2016-2017
Atvinnugreinar	Framleiðsla svartra eldsneytisköggla
Heiti og póstarítun stofnunarinnar sem veitir aðstoð:	Enova SF Professor Brochs gate 2 N-7030 Trondheim Norge

Fullgildan texta ákvörðunarinnar er að finna á vef Eftirlitsstofnunar EFTA: <http://www.eftasurv.int/state-aid/state-aid-register/>.

Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum

2017/EES/16/03

Eftirlitsstofnun EFTA hreyfir ekki andmælum við eftirgreindri ríkisaðstoðarráðstöfun:

Dagsetning ákvörðunar	1. desember 2016
Málsnúmer	79773
Ákvörðun	216/16/COL
EFTA-ríki	Noregur
Fyrirsögn	Lækkað skattahlutfall fyrir rafmagn sem veitt er beint til skipa
Lagastoð	Árleg ákvörðun norska þingsins um raforkugjald, lov om særavgifter 19. mai 1933 nr. 11, forskrift om særavgifter og lov om betaling og innkreving av skatte- og avgiftskrav 17. juni 2005 nr. 67.
Tegund aðstoðar	Aðstoðarkerfi
Markmið	Umhverfisvernd
Aðstoðarform	Skattaávilnun
Fjárveiting	Hér um bil 2 milljónir norska króna á ári (gert ráð fyrir að fjárveitingin hækki smám saman)
Gildistími	10 ára tímabil sem hefst 1. janúar 2017
Atvinnugreinar	Flutningastarfsemi
Heiti og póstarítun stjórnvaldsins sem veitir aðstoð:	Finansdepartementet Postboks 8008 Dep. NO-0030 Oslo, Norge
Nánari upplýsingar	

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á vef Eftirlitsstofnunar EFTA: <http://www.eftasurv.int/state-aid/state-aid-register/>.

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2017/EES/16/04

Nr. 036/17/COL

frá 10. febrúar 2017

um skort á fullnægjandi samræmi við gerðina sem vísað er til í lið 66n í XIII. viðauka við EES-samninginn (*Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB, með áorðnum breytingum*) og framkvæmdarreglur hennar í tengslum við skírteini sem gríski flugþjálfunarskólinn Hellenic Aviation Training Academy (HATA) gefur út og skírteini flugvéltækni í samræmi við 66. hluta, svokölluð Part 66 skírteini, sem gefin eru út á grundvelli þess

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR,

með hliðsjón af gerðinni sem vísað er til í lið 66n í XIII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),

reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB, með áorðnum breytingum („gerðin“),

samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, og einkum skv. 2. mgr. 11. gr. gerðarinnar,

með hliðsjón af 5. gr. ákvörðunar fastanefndar EFTA-ríkjanna nr. 3/2012/SC frá 26. október 2012 um reglur fyrir nefndir sem eru Eftirlitsstofnun EFTA til aðstoðar við að sinna störfum sínum skv. 3. gr. bókunar 1 við samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls,

að höfðu samráði við EFTA-nefndina um flutningastarfsemi,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1. Í febrúar 2014 framkvæmdi Flugöryggisstofnun Evrópu („flugöryggisstofnunin“) eftirlit með stöðlun sem tekur út lofthæfi (AIR.EL.02.2014) hjá Flugmálastjórn Grikklands (HCAA). Við skoðunina greindist frávik sem talið var öryggisvandamál yrðu úrbætur ekki gerðar tímanlega (frávik í flokki D), í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 628/2013 um starfsaðferðir stofnunarinnar við eftirlit með stöðlun og vöktun á beitingu reglnanna í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 ⁽¹⁾.
2. Frávikið sem um ræðir varðaði meinta sviksemi við prófun í flugvirkjaskóla (e. Part-147 maintenance training organisation) Hellenic Aviation Training Academy (HATA) sem ber samþykkisnúmerið EL.147.0007. Öryggisvandamál komu upp vegna möguleika á því að viðhaldsvottar hafi hlotið Part 66 skírteini á grundvelli viðurkenningarvottorða sem HATA gefur út skv. III. viðauka (66. hluta) reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði ⁽²⁾, á grundvelli meintra sviksamlegra athafna, og nytu réttinda og gæfu út viðhaldsvottorð án þess að uppfylla nauðsynlegar kröfur um grunnþekkingu á loftförum.

⁽¹⁾ Gerðin sem um getur í lið 66qa í XIII. viðauka við EES-samninginn (*Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 628/2013 frá 28. júní 2013 um starfsaðferðir Flugöryggisstofnunar Evrópu við eftirlit með stöðlun og vöktun á beitingu reglnanna í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 736/2006*).

⁽²⁾ Gerðin sem um getur í lið 66q í XIII. viðauka við EES-samninginn (*reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 frá 26. nóvember 2014 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði, með áorðnum breytingum*).

3. Flugmálastjórn Grikklands (HCAA) afturkallaði samþykki fyrir gríska flugþjálfunarskólanum HATA hinn 26. febrúar 2014 og upplýsti lögbær stjórnvöld allra aðildarríkjanna um að mögulega hefði HATA gefið út sviksamleg viðurkenningarvottorð.
4. Hinn 3. júlí 2014 samþykktu flugöryggisstofnunin og HCAA áætlun um aðgerðir til úrbóta, sem m.a. fól í sér rannsókn á viðurkenningarvottorðum sem hafa verið lögð til grundvallar við útgáfu á Part 66 skírteinum hjá lögbærum stjórnvöldum aðildarríkjanna og viðurkenningarvottorðum sem ekki hafa enn verið notuð til þess að öðlast Part 66 skírteini.
5. Hinn 9. desember 2014 flugöryggisstofnunin sendi frá sér öryggistilkynningu (SIB nr.: 2014-32) þar sem upplýst var um mögulegt öryggisvandamál í tengslum við meinta sviksemi við prófun hjá HATA með tilmælum til lögbærra stjórnvalda aðildarríkjanna um áþreifanlegar aðgerðir til þess að bregðast við þessum aðstæðum.
6. Í apríl 2016 framkvæmdi flugöryggisstofnunin annað eftirlit með stöðlun hjá HCAA. Við það eftirlit fór stofnunin yfir samþykktar aðgerðir til úrbóta og komst að þeirri niðurstöðu að HCAA hefði ekki framkvæmt með fullnægjandi hætti samþykktar aðgerðir innan umsamins tímabrests. Af þessu leiðir að flugöryggisstofnunin lagði viðbótarskýrslu fyrir HCAA í maí 2016, í samræmi við 3. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) nr. 628/2013.
7. Þar sem HCAA hafði ekki hagað rannsóknum sínum hjá HATA með fullnægjandi hætti til þess að greina meinta sviksemi af hálfu viðkomandi fyrirtækis og ekki rannsakað til hlítar Part 66 skírteini sem hafa verið gefin út á grundvelli viðurkenningarvottorða gefnum út af HATA, er mögulegt öryggisvandamál enn fyrir hendi. Vandamálin varða viðurkenningarvottorð útgefin af HATA vegna prófa í grunnþekkingu í tæknilegum námsáföngum (áföngum 7, 11, 12, 13, 14, 15, 16, 17).
8. Í ljósi alls sem að framan greinir mæltist flugöryggisstofnunin til þess að 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008 gildi ekki lengur um viðurkenningarvottorð prófa í grunnþekkingu í tæknilegum námsáföngum sem HATA gæfi út og Part 66 skírteini sem lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna gæfu út á grundvelli þessara viðurkenningarvottorða. Þar að auki er viðkomandi lögbærum stjórnvöldum gert að ráðast í viðeigandi aðgerðir til úrbóta og öryggisráðstafanir til þess að taka á öryggisáhættu.
9. Hinn 19. desember 2016 ákvað framkvæmdastjórn Evrópusambandsins að viðurkenningarvottorð prófa í grunnþekkingu í tæknilegum námsáföngum sem Hellenic Aviation Training Academy (HATA) gæfi út skv. 4. tl. a-liðar í 147.A.145 og III. viðbæti við IV. viðauka (147. hluta) reglugerðar (ESB) nr. 1321/2014 sem umsækjandi leggur fram sem viðbótargögn vegna útgáfu Part 66 skírteinis af hálfu lögbæru stjórnvaldanna í samræmi við 66.B.100 í III. viðauka (66. hluta) þessarar reglugerðar væru ekki í fullnægjandi samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 ⁽³⁾.
10. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins ákvað einnig þar af leiðandi að Part 66 skírteini viðhaldsvotta sem lögbær stjórnvöld aðildarríkja ESB hefðu gefið út skv. III. viðauka (66. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 á grundvelli viðurkenningarvottorða prófa í grunnþekkingu í tæknilegum námsáföngum sem HATA hefði gefið út skv. 4. tl. a-liðar í 147.A.145 og III. viðbæti við IV. viðauka (147. hluta) þeirrar reglugerðar væru ekki í fullnægjandi samræmi við reglugerð (ESB) nr. 216/2008.
11. Því er nauðsynlegt að Eftirlitsstofnun EFTA samþykki samsvarandi ákvörðun að því er varðar Part 66 skírteini viðhaldsvotta loftfara sem lögbær stjórnvöld EFTA-ríkjanna hafa gefið út og að EFTA-ríkin grípi til aðgerða til úrbóta sem tryggja að tilskildar öryggiskröfur séu uppfylltar við ríkjandi aðstæður.
12. Í samræmi við 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008 verður að tilkynna öllum EFTA-ríkjunum um ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA varðandi viðurkenningu á þeim vottorðum sem um ræðir og þær aðgerðir til úrbóta og öryggisráðstafanir sem lögbæru stjórnvöldin þurfa að gera.

⁽³⁾ Sjá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2357 frá 19. desember 2016 um ófullnægjandi samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar að því er varðar vottorð sem Hellenic Aviation Training Academy (HATA) gefur út og Part 66 skírteini sem eru gefin út á grundvelli þeirra (tilkynnt með skjali C(2016)8645), CELEX: 32016D2357.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

*1. gr.***Gildissvið**

Eftirfarandi er ekki í fullnægjandi samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar:

Part 66 skírteini viðhaldsvotta sem lögbær stjórnvöld hafa gefið út skv. III. viðauka (66. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 á grundvelli viðurkenningarvottorða prófa í grunnþekkingu í tæknilegum námsáföngum sem Hellenic Aviation Training Academy hefur gefið út skv. 4. tl. a-liðar í 147.A.145 og III. viðbæti við IV. viðauka (147. hluta) þeirrar reglugerðar.

*2. gr.***Aðgerðir til úrbóta**

1. Lögbær stjórnvöld EFTA-ríkjanna sem hafa gefið út Part 66 skírteini á grundvelli viðurkenningarvottorða prófa í grunnþekkingu í tæknilegum námsáföngum sem HATA hefur gefið út skulu endurmeta hvert Part 66 skírteini sem um ræðir innan þriggja mánaða frá dagsetningu tilkynningar um þessa ákvörðun, að teknu tilliti til, með fyrirvara um þessa ákvörðun, þeirra tilmæla sem fram koma í öryggis tilkynningu flugöryggisstofnunarinnar SIB nr.: 2014-32 sem stofnunin gaf út 9. desember 2014, og nýjustu útgáfu þeirra.
2. Þegar endurmatið hefur farið fram skulu lögbær stjórnvöld EFTA-ríkjanna:
 - (a) ef ástæður leyfa skv. 1. gr., takmarka, ógilda tímabundið eða afturkalla Part 66 skírteini í samræmi við 66.B.500 í III. viðauka (66. hluta), eftir því sem við á, og
 - (b) hvað sem öðru líður láta Eftirlitsstofnun EFTA og flugöryggisstofnuninni niðurstöður endurmatins í té.

*3. gr.***Gildistaka**

Ákvörðun þessari er beint til EFTA-ríkjanna og öðlast hún gildi daginn sem hún er birt.

Gjört í Brussel 10. febrúar 2017.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Helga Jónsdóttir
Stjórnarmaður

Carsten Zatschler
Deildarstjóri

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2017/EES/16/05

(mál M.8305 – Rockwell Collins/B/E Aerospace)

1. Framkvæmdastjórninni barst 8. mars 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu, þar sem bandaríska fyrirtækið Rockwell Collins öðlast með hlutabréfakaupum, að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í bandaríska fyrirtækinu B/E Aerospace. Sama samfylking hafði verið tilkynnt framkvæmdastjórninni hinn 2. febrúar 2017 en tilkynningin dregin til baka í kjölfar þess hinn 15. febrúar 2017.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Rockwell Collins: : framleiðsla og sala á lausnum fyrir flug og samþættum lausnum fyrir bæði verkforrit í viðskiptum og hjá hinu opinbera. Meðal helstu vara þess eru flugtækni fyrir stjórnklefa, rafeindavörur í sætarými, fjarskipti leiðangra, hermir og þjálfun og gagnastjórnun fyrir flugrekendur í flutningaflugi og rekstri einkaflugvéla.
 - B/E Aerospace: framleiðsla og sala á vörum í farþegarými, m.a. farþegasæti, ljósakerfi, súrefniskerfi, tilreiðsla matar og drykkja og geymslubúnaður, kerfi fyrir eldhús og einingar fyrir salerniskerfi.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 82, 17.3.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu, eða í pósti með tilvísuninni M.8305 – Rockwell Collins/B/E Aerospace, og eftirfarandi póstarsíturn:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8370 – Amundi Immobilier/Malakoff Médéric/TAS Kapstadtring 2)

2017/EES/16/06

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 6. mars 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾, um fyrirhugaða samfylkingu þar sem frönsku fyrirtækin Amundi Immobilier S.A. („Amundi Immobilier“) og Malakoff Médéric Group („Malakoff Médéric“) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í þýska fyrirtækinu TAS Kapstadtring 2 GmbH („TAS Kapstadtring“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Amundi Immobilier: starfsemi á sviði eignastýringar fasteigna og lýtur fyrirtækið alfarið yfirráðum Crédit Agricole S.A.
 - Malakoff Médéric: starfsemi á sviði félagslegs viðbótarstuðnings.
 - TAS Kapstadtring: eignarhald tiltekinnna einkaeigna, m.a. skrifstofubyggingar, staðsett í Hamborg í Þýskalandi.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 77, 11.3.2017). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu, eða í pósti með tilvísuninni M.8370 – Amundi Immobilier/Malakoff Médéric/TAS Kapstadtring 2, og eftirfarandi póstáritun:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8397 – Partners Group/Cerba Healthcare)**

2017/EES/16/07

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 7. mars 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu, þar sem svissneska fyrirtækið Partners Group AG („Partners Group“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í franska fyrirtækinu Cerba Healthcare („Cerba“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Partners Group: fyrirtæki sem stýrir fjárfestingum í einkafyrirtækjum.
 - Cerba: rannsóknarstofuþjónusta á meinafræðimarkaði.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 79, 14.3.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu, eða í pósti með tilvísuninni M.8397 – Partners Group/Cerba Healthcare, og eftirfarandi póstarsíturn:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8400 – Engie Group/Soper/BPCE Group/LCS4 et LCS du Centre)

2017/EES/16/08

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 3. mars 2017 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾, þar sem franska fyrirtækið La Compagnie du Vent („LCV“), sem lýtur í sameiningu yfiráðum frönsku fyrirtækjanna Engie Groupe („Engie“) og Soper („Soper“), og franska fyrirtækið Groupe Banque Populaire Caisse d'Epargne („Groupe BPCE“), öðlast með hlutabréfakaupum í sameiningu yfiráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í frönsku fyrirtækjunum La Compagnie du Soleil Investissement 4 (LCS 4) og La Compagnie du Soleil Centre („LCS Centre“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - LCV: Franskt fyrirtæki með starfsemi í þróun, byggingu og starfrækslu vindbúa og sólarorkugarða, auk framleiðslu og heildsölu á rafmagni í Frakklandi. LCV lýtur í sameiningu yfiráðum Engie Groupe og Soper. Engie Groupe er samþætt orkufyrirtæki með starfsemi innan virðiskeðju orku, allt frá framleiðslu til smásölu á gasi og frá framleiðslu rafmagns til smásölu á rafmagni. Soper er eignarhaldsfélag í eigu einstaklings og er eina markmið þess að halda utan um eign hlutabréfa þess í LCV.
 - BPCE: Franskur banki með starfsemi í heildsölubankastarfsemi, fjárfestingum og fjármálaþjónustu í gegnum dótturfélag sitt Natixis management.
 - LCS4 og LCS Centre: Sólarorkugarðar með starfsemi í heildsölu á raforku í Frakklandi. LCS4 og LCS Centre lúta sem stendur einvörðungu yfiráðum LCV.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjórn. ESB (C 80, 15.3.2017). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu, eða í pósti með tilvísuninni M.8400 – Engie Group/Soper/BPCE Group/LCS4 et LCS du Centre, og eftirfarandi póstáritun:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjórn. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjórn. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2017/EES/16/09****(mál M.8405 – Lear/Grupo Antolín Assets)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 8. mars 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾, þar sem bandaríska fyrirtækið Lear Corporation („Lear“) öðlast með kaupum á hlutabréfum og stökum eignum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í spænska fyrirtækinu Grupo Antolín-Irausa S.A. („Grupo Antolín Assets“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Lear: birgir sem afhendir sætakerfi og íhluti fyrir bíla milliliðalaust, auk rafdreifikerfa og rafmagnsíhluta.
 - Grupo Antolín Assets: iðnaðaraðstaða á 12 stöðum og tvær rannsóknar- og þróunarmiðstöðvar sem staðsettar eru í Tékklandi, Frakklandi, Marokkó, Portúgal og Spáni, og annast framleiðslu á sætum fyrir bifreiðar og íhlutum fyrir sæti.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 81, 16.3.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu, eða í pósti með tilvísuninni M.8405 – Lear/Grupo Antolín Assets, og eftirfarandi póstarsítu:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8419 – SEGRO/PSPiB/SELP/Target assets)**

2017/EES/16/10

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 6. mars 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ þar sem breska fyrirtækið SEGRO plc („SEGRO“) og kanadíska fyrirtækið Public Sector Pension Investment Board („PSPiB“) öðlast með kaupum á eignum sameiginleg yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í gegnum lúxemborgska fyrirtækið SEGRO European Logistics Partnership S.à r.l. („SELP“), í þremur tekjumyndandi eignum sem lúta að aðföngum á Ítalíu (einu nafni „Target assets“, eignir sem eru andlag kaupanna).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - SEGRO: eignarhald, eignastýring og þróun nútímavöruhúsa, léttiðnaður og gagnaveraeignir.
 - PSPiB: stýrir fjölbreyttu, alþjóðlegu eignasafni, m.a. hlutabréfum, skuldabréfum og öðrum verðbréfum með föstum vöxtum, og fjárfestingum í framtakssjóðum, fasteignum, innviðum, náttúruauðlindum og skuldum einkafyrirtækja.
 - Target assets: þrjár vöruhúsaeygnir með aðföng á Ítalíu, sem samanstanda af Bologna DC9 og Bologna DC13, báðar í Interporto, Bologna, og Piacenza DC4 sem staðsett er í Piacenza, Milánó.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 77, 11.3.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu, eða í pósti með tilvísuninni M.8419 – SEGRO/PSPiB/SELP/Target assets, og eftirfarandi póstaritun:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2017/EES/16/11

(mál M.8420 – Megatrends European Holdings/Allianz/Kamppi Shopping Centre)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 9. mars 2017 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu, þar sem lúxemborgska fyrirtækið Megatrends European Holdings S.à.r.l. („Megatrends“) og þýska fyrirtækið Allianz SE („Allianz“), öðlast með hlutabréfakaupum í sameiningu óbein yfirráð að fullu, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í finnska fyrirtækinu NRF (Finland) AB sem sjálft hefur endanleg yfirráð yfir Kamppi Shopping Centre.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Megatrends: dótturfélag alfarið í eigu European Cities Fund („ECF“), fjárfestingarfélags sem stofnað var af TH Real Estate („THRE“). THRE er fjárfestingarfélag og fasteignaumsjónarfyrirtæki. Það er dótturfélag Teachers Insurance and Annuity Association of America („TIAA“), sem er líftryggingafélag sem heldur utan um skuldbindingar til þess að mæta lögboðnu gjaldþoli í skilningi reglna sem gilda í New York-ríki og Bandaríkjunum Norður-Ameríku. Helstu verkefni TIAA eru sala á fjárfestingarvörum og þjónustu til þeirra sem starfa innan háskóla-, rannsókn-, læknávisinda- og menningargeirans í Bandaríkjunum. Starfsemi TIAA í Evrópu felst aðallega í fjárfestingum í fasteignum og landbúnaðarlandi.
 - Allianz: endanlegt eignarhaldsfélag Allianz Group. Allianz Group er fjölþjóðlegur þjónustuveitandi fjármálaþjónustu og er með starfsemi um heim allan á sviði trygginga og eignastýringar.
 - Kamppi Shopping Centre: dótturfélag Kamppi Center Holdings Oy, sem endalega lýtur yfirráðum NRF (Finland) AB. Kamppi Shopping Centre er staðsett í Helsinki í Finnlandi og hefur í heild yfir að ráða 44.704 fermetra leigurémi. Gestir í verslunarmiðstöðina voru 41,5 milljónir árið 2016. Alls leigir 121 verslunarrekandi rýmið sem tilheyrir eigninni og þar eru reknar smásöluverslanir, kaffihús og veitingastaðir.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjóð. ESB (C 81, 16.3.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu, eða í pósti með tilvísuninni M.8420 – Megatrends European Holdings/Allianz/Kamppi Shopping Centre, og eftirfarandi póstarsíttun:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjóð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjóð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2017/EES/16/12**
(mál M.8207 – Emerson Electric/Pentair (Valves and controls business))

Framkvæmdastjórnin ákvað 7. febrúar 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32017M8207. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2017/EES/16/13**
(mál M.8353 – CVC/Corialis)

Framkvæmdastjórnin ákvað 17. febrúar 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32017M8353. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjtt. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2017/EES/16/14**
(mál M.8386 – Advent/Bain Capital/Concardis)

Framkvæmdastjórnin ákvað 7. mars 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32017M8386. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjótt. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Ágrip af ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar**2017/EES/16/15****frá 6. apríl 2016****um málarekstur skv. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins
og 53. gr. EES-samningsins****(mál AT.39965 – Mushrooms)**

Hinn 6. apríl 2016 samþykkti framkvæmdastjórnin ákvörðun um málarekstur samkvæmt 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og 53. gr. EES-samningsins. Í samræmi við ákvæði 30. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2003 ⁽¹⁾, hefur framkvæmdastjórnin nú birt nöfn aðila og meginefni ákvörðunarinnar ([Stjtið. ESB C 67, 3.3.2017, bls. 5](#)), m.a. álagðar sektir, að teknu tilliti til lögmætra hagsmuna fyrirtækjanna af því að vernda viðskiptaleyndar-mál sín.

**Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um endurgreiðsluvexti sem innheimta ber
í tengslum við endurheimtu ríkisaðstoðar svo og viðmiðunar- og afreiknivexti fyrir
28 aðildarríki; vextirnir gilda frá 1. apríl 2017**

2017/EES/16/16

*(Birt í samræmi við ákvæði 10. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 794/2004 frá
21. apríl 2004 (Stjtið. ESB L 140, 30.4.2004, bls. 1))*

Grunnvextir eru reiknaðir í samræmi við orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um endurskoðun aðferðar við útreikning viðmiðunar- og afreiknivaxta (Stjtið ESB C 14, 19.1.2008, bls. 6). Þá verður að bæta við grunnvextina viðeigandi álagi í samræmi við orðsendinguna eftir því í hvaða samhengi viðmiðunarvextirnir eru notaðir. Að því er afreiknivextina varðar merkir þetta að hækka verður grunnvextina sem nemur 100 grunnpunktum. Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 271/2008 frá 30. janúar 2008 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 794/2004 er mælt fyrir um að sé ekki kveðið á um annað í sérstakri ákvörðun skuli endurkröfuvextir einnig ákveðnir með því að bæta 100 grunnpunktum við grunnvextina.

Breytingar á vöxtum eru feitletraðar.

Fyrri tafla birtist í Stjtið. ESB C 45, 11.2.2017, bls. 6 og EES-viðbæti nr. 11, 16.2.2017, bls. 28.

Frá	Til	AT	BE	BG	CY	CZ	DE	DK	EE	EL
1.1.2017	28.2.2017	-0,07	-0,07	0,76	-0,07	0,45	-0,07	0,16	-0,07	-0,07
1.3.2017	31.3.2017	-0,08	-0,08	0,76	-0,08	0,45	-0,08	0,16	-0,08	-0,08
1.4.2017	–	-0,08	-0,08	0,76	-0,08	0,45	-0,08	0,16	-0,08	-0,08

Frá	Til	ES	FI	FR	HR	HU	IE	IT	LT	LU
1.1.2017	28.2.2017	-0,07	-0,07	-0,07	1,05	0,75	-0,07	-0,07	-0,07	-0,07
1.3.2017	31.3.2017	-0,08	-0,08	-0,08	1,05	0,53	-0,08	-0,08	-0,08	-0,08
1.4.2017	–	-0,08	-0,08	-0,08	0,83	0,44	-0,08	-0,08	-0,08	-0,08

Frá	Til	LV	MT	NL	PL	PT	RO	SE	SI	SK	UK
1.1.2017	28.2.2017	-0,07	-0,07	-0,07	1,83	-0,07	1,10	-0,36	-0,07	-0,07	0,78
1.3.2017	31.3.2017	-0,08	-0,08	-0,08	1,83	-0,08	1,10	-0,36	-0,08	-0,08	0,78
1.4.2017	–	-0,08	-0,08	-0,08	1,83	-0,08	1,10	-0,36	-0,08	-0,08	0,78